

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 16. ágúst 2017 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-96/2016.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 31. október 2016 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á fjórum upphengdum salernum af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir að samkomulag hafi verið milli aðila um geymslu á salernunum en rúmum þremur árum síðar kom í ljós að seljandi hafi afhent öðrum salernin. Krefst álitsbeiðandi endurgreiðslu vegna kaupa á öðrum salernum í stað þeirra sem voru afhent öðrum óþekktum aðila.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 18. nóvember 2016, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi óskaði eftir fresti til að skila andsvörum sem samþykktur var til 8. desember 2016. Andsvör seljanda bárust 14. desember. Hinn 21. desember 2016 voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna þeirra. Álitsbeiðandi nýtti sér þá heimild og bárust athugasemdirnar þann 29. desember 2016. Seljandi fékk athugasemdir álitsbeiðanda sendar til upplýsinga þann 9. janúar 2017 og var einnig gefinn kostur á að koma sínum athugasemdum á framfæri við nefndina ef einhverjar væru. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 11. ágúst 2017, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi festi kaup á fjórum upphengdum salernum af seljanda þann 7. febrúar 2013 fyrir 91.980 krónur, en að hans sögn var grundvöllur viðskiptanna sá að „salernin voru á sérstaklega góðu verði og að starfsmaður [seljanda] bauð okkur að geyma vörurnar á lager verslunarinnar uns við þyrftum að nota þær.“ Salernin átti að nota í nýbyggingu í Reynisvatnsásshverfi og átti fyrsta húsið að vera tilbúið um haustið 2013 en af ýmsum ástæðum drógust framkvæmdir.

Þegar álitsbeiðandi mætti í verslun seljanda seint á árinu 2016 neitaði framkvæmdarstjóri seljanda, að sögn álitsbeiðanda, að verða við kröfu álitsbeiðanda um „afhendingu eða staðgöngu salernanna sem endaði með orðaskaki [...]“. Frá þeim tíma hefur seljandi ekki haft samband við álitsbeiðanda. Þá segir í álitsbeiðni: „Í ljós hefur komið að [seljandi] hefur afhent salernin út af lager sínum án samráðs við okkur eigendur varningsins en í tölvukerfi þeirra stendur „afgreitt“. [Seljandi] hefur ekki haft samband við okkur varðandi vörurnar.“ Þá segir álitsbeiðandi „Við erum með viðskiptakort nr. 30000032 hjá [seljanda] og hefur [seljanda] því verið í lófa lagið að hafa samband vegna viðskiptanna þar sem verslunin er með allar nauðsynlegar upplýsingar í kerfi sínu, en það hefur aldrei verið gert svo við höfum verið grandlaus um ráðstöfun þeirra á salernunum okkar.“

Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi afhendi sér sambærileg verðmæti í formi endurgreiðslu eða eftir atvikum inneignar í verslun seljanda, í stað þeirra salerna sem virðast

hafa verið afhent öðrum. Kröfur sínar byggir ááltsbeiðandi á 3. mgr. 5. gr., 1. mgr. 6. gr. og 60. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

IV

Andsvör seljanda

Seljandi segir að í kerfi verslunarinnar hafi verið „hakað“ við það að varan hafi verið afhent stuttu eftir kaupin og því séu aðeins orð ááltsbeiðanda fyrir því að hann hafi ekki fengið salernin afhent. Þá sé ekkert til staðar sem sýni fram á að samkomulag hafi verið gert við starfsmann um geymslu salernanna í hátt á fjórða ár, en þá ætti að vera til staðar skriflegt samkomulag um geymslugjöld. Engan slíkan samning er að finna í skrám seljanda. Seljandi mótmælir því í samræmi við framangreint að salernin hafi verið afhent án samráðs við ááltsbeiðanda, en segir að verslunin hafi aðeins „kerfin til að styðja sig við allar þær afgreiðslur sem fara fram. Þess má geta að [seljandi] afgreiðir yfir 3000 sérpantanir árlega og því ómögulegt að hægt sé að vitna til sérstakra samskipta á milli aðila.“

Þá bendir framkvæmdastjóri seljanda á að hann hafi engar athugasemdir eða ábendingar fengið frá ááltsbeiðanda vegna kaupa hans á salernunum þann 7. febrúar 2013 fyrr en seint á árinu 2016. Telur hann að ááltsbeiðandi hafi sýnt af sér tómlæti með því að „aðhafast ekkert við pöntunina sem gerð var“.

V

Athugasemdir ááltsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum við andsvör seljanda tekur ááltsbeiðandi fram að geymslukostnaður hafi aldrei komið til umræðu vegna salernanna þar sem byggingartími fasteignanna hafi verið misreiknaður og dregist verulega. Fyrsta húsið átti að vera tilbúið haustið 2013 en varð ekki tilbúið fyrr en í október 2016.

Ááltsbeiðandi bendir á að fram komi á reikningi vegna kaupanna „við afhendingu vara, hafa samband við þjónustuborð“, en slík áletrun kemur að hans sögn ekki fram nema ef afhendingartími er annar en þegar viðskiptin fara fram. Auk þess sé gert ráð fyrir áritun viðskiptamanns við afhendingu en slík áritun sé ekki til staðar. Ááltsbeiðandi hefur fest kaup á nýjum salernum og óskar því eftir endurgreiðslu á umþrættum salernum.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur ááltsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir keypti ááltsbeiðandi fjögur salerni af seljanda þann 7. febrúar 2013 fyrir 91.980 krónur, en aðila greinir á um hvort samkomulag hafi verið í gildi um geymslu salernanna í óákveðinn tíma, svo og hvort ááltsbeiðandi hafi fengið salernin afhent stuttu eftir kaupin eða þau hafi verið afhent þriðja aðila. Kærunefndin álitur að ákvæði 6. og 40. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) eigi við um ágreining aðila, en ákvæðin eru svohljóðandi:

„6. gr. Afhendingartími.

Hafi sammingsaðilar ekki komið sér saman um annað skal seljandi afhenda vöruna eða umráð yfir henni til neytanda án ástæðulausrar tafar, þó ekki síðar en 30 dögum eftir að gengið var frá samningi.

Ef samið hefur verið um svigrúm varðandi afhendingartíma á seljandinn rétt á að velja, nema atvik sýni að neytandi eigi að velja hann.

Ef seljanda í reiðukaupum er rétt að velja afhendingartíma skal hann tilkynna neytanda með nægum fyrirvara hvenær sækja megi hlutinn.“

„40. gr. Skylda neytanda til að stuðla að efndum kaupa.

Neytanda er skylt:

a. að stuðla fyrir sitt leyti að því, eftir því sem sanngjarnt er að ætlast til af honum, að seljandi geti efnt skyldur sínar og

b. taka við hlutnum með því að sækja hann eða veita honum viðtöku.“

Í frumvarpi til nkpl. segir um 6. gr. :

„Reglur um afhendingartíma í neytendakaupum eru í samræmi við reglur kaupalaga um afhendingartíma. Því er aðilum frjálst að semja um afhendingartíma í neytendakaupum. Ef aðilar hafa ekki samið um afhendingartíma fer um afhendingu skv. 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins. Ákvæðið á því aðeins við þegar slíku samningsákvæði er ekki til að dreifa og þá ber að afhenda söluhlut innan sanngjarns tíma frá því að kaup voru gerð. Það hvað telst sanngjarn tími verður að meta í hvert skipti með hliðsjón af því um hvers konar kaup er að ræða og atvikum að öðru leyti.

2. mgr. frumvarpsgreinarinnar [...] á við þegar samið hefur verið um svigrúm til afhendingar. Það er seljandinn sem hefur rétt til að velja tímamarkið nema leiða megi af atvikum að valið sé neytandans. [...] Af samningi getur leitt að það sé seljandans að velja tímamarkið. Einnig getur verið að afhending eigi að vera í samræmi við þarfir neytanda eða möguleika hans á að veita vörinni viðtöku.“

Aðilar í neytendakaupum geta samkvæmt framangreindu komist að samkomulagi um afhendingarstað og afhendingartíma söluhlutar og ber aðilum í slíkum tilvikum að standa við gerða samninga. Af þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir nefndina verður hins vegar ekki fullyrt hvort samningur um geymslu salernanna hafi í reynd komist á milli aðila. Kærunefndin telur sig ekki hafa nægar forsendur, eins og máli þessu er háttað, til að taka efnislega afstöðu til þess hvort samningur hafi komist á milli aðila um geymslu salernanna í óákveðinn tíma.

Í neytendakaupum er skylda neytandans fyrst og fremst sú að fullnægja tilgangi seljandans með söluhlutnum, sem er sá að losna frá hlutnum, með því að veita söluhlut viðtöku í samræmi við 40. gr. nkpl. Líkt og máli þessu er háttað hefur ekki verið sýnt fram á annað en að álitsbeiðandi hafi tafið verulega að veita söluhlutnum viðtöku og að vanefndir seljanda megi rekja til þess að seljandi lét hjá líða að sækja salernin.

Verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

VII Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson